

**REGLUGERÐ**

um hækkun fæðingarstyrks samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Fæðingarstyrkur, samkvæmt 18. gr. laga nr. 40 30. apríl 1963 skal hækka úr kr. 11 600.00 í kr. 13 000.00 við hverja fæðingu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965 um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963 um almannatryggingar, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 10. ágúst 1970.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**HAFNARREGLUGERÐ**

fyrir Blönduós.

**I. KAFLI****TAKMÖRK HAFNARINNAR****1. gr.**

Höfnin takmarkast landmegin frá Mógili sunnan við Bolanöf að hugsaðri línu vestur frá norðvesturhorni neðri brekku kaupþúnsins, og er höfnin fyrir þessari strandlengju fram yfir mælda skipalegu.

**II. KAFLI****STJÓRN HAFNARINNAR OG REKSTUR****2. gr.**

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

Sveitarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum 5 manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann, sem boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kiörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarvörður, eða sá sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

**3. gr.**

Til aðstoðar hafnarstjóra við daglegan rekstur hafnarinnar, eftirlit og umsjón, skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann, og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, þar sem m. a. verksvið þeirra er ákveðið.

Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarstjórn.

## III. KAFLI

## UM ALMENNA REGLU Á HÖFNINNI OG HAFNARSVÆÐINU

## 4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

## 5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur á skipi sínu á höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll. Eintak af hafnarreglugerðum fæst afhent í skrifstofu hafnarinnar án endurgjalds og skal það vera í sérhverju skipi, er liggur á höfninni eða við bryggju eða hafnargarð.

## 6. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisí í starfi sínu.

## 7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

## 8. gr.

Skyllt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni og efni, sem sprengihætta stafar af. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða.

## 9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum, né frá hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt að ekkert af henni renni í höfnina á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

## IV. KAFLI

## UM LEGU SKIPA Í HÖFNINNI OG AFREIÐSLU ÞEIRRA

## 10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarstjóra, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

## 11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað að því, ber hafnarstjóra að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

## 12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

## 13. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

## 14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. 1 maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

## 15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Flestum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt þess að bætt sé úr því tafarlaust.

Skyllt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

## 16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

## 17. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggju eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum að vatnið fari beint í höfnina.

## 18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að álitum hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

## 19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er ferming eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

## V. KAFLI

### UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

21. gr.

Skipum má leggja í lægi í höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi í höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekens frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eigenda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að álitni hafnarstjórnar sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eigenda, að ekki stafi af því nein hættu.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarstjórn um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um að hafnarnefnd sé samþykk útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafizt, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjóraréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð ef færa þarf skipið til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmannsins öllum þeim fyrirskipunum, er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseigenda.

## VI. KAFLI

### UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA VÖKVA OG SPRENGIEFNA

24. gr.

Skip sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, benzín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og afferming leyfð undir eftirliti brunavarða, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

## 25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsigliutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“, að degi til en að næturlagi rautt ljós í stað þess. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsigli skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

## VII. KAFLI

## UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

## 26. gr.

Öll skip, sem eru 12 rúmlestir eða stærri, skulu greiða hafnargjöld til hafnar-sjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil, en minni hluta er sleppt. Undanþegin lestargjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálf tlestargjald en fullt bryggjugjald ef þau koma að bryggju. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

## 27. gr.

## Lestargjald.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald kr. 0.90 fyrir hverja brúttó rúmlest í hvert sinn, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, með þeim undantekningum, er áður getur. Lægsta gjald kr. 100.00.

Skip, sem leita til hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita eða setja á land sjúka menn eða látna.

## 28. gr.

## Bryggjugjöld.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, kr. 0.40 af hverri brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 100.00.

## 29. gr.

Hafnargjöld fyrir íslensk fiskiskip, allt að 400 rúmlestum:

- a. Opnir bátar greiði kr. 500.00 á ári.
- b. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar þrjá mánuði samfleytt á almanaksárinu, eða lengur, skulu greiða kr. 60.00 í lesta- og bryggjugjald af hverri brúttó rúmlest á ári. Gjald dagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.
- c. Önnur fiskiskip, sem hafa fasta viðlegu um skemmri tíma í höfninni greiði kr. 20.00 í lesta- og bryggjugjald af hverri brúttó rúmlest á mánuði.
- d. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í höfninni skulu greiða kr. 2.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttó rúmlest, fyrir hvern sólarhring eða hluta

úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni. Þó greiðist þetta gjald ekki oftar en 10 sinnum á almanaksmánuði.

Gjöld þau, er um getur í grein þessari skulu greidd hvort sem skipin liggja við bryggju eða bólvirki eða utan á bátum eða skipum.

### 30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

### 31. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald.

### 32. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Af vörum, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi og vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald.
- b. Olía, kol, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- d. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

### 33. gr.

#### Vörugjöld.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldugur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarnefnd ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurlíðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

### 34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera 10 krónur. Leiki vafi á í hvaða flokk skuli telja vöru, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

## VÖRUGJALDSKRÁ

### 35. gr.

#### Brottfluttar og aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:

Kol, koks, salt, tilbúinn áburður, fôðurvörur, kornvörur, matvörur í stórum umbúðum, gærur, húðir og garnir, garðávextir, steypustyrkt-

- arjárn, smíðajárn, steinefni til bygginga, sement, kalk, keðjur, kaðlar, vírar, veiðarfæri og aðrar þungavörur.
2. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:  
Oliur alls konar og benzín, landbúnaðarafurðir ótaldar annars staðar.
  3. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:  
Vélar, varahlutir, rafmagnsvörur, miðstöðvarefni, vatnsrör og pípur, byggingarvörur ótaldar annars staðar.
  4. flokkur. Gjald kr. 12.00 fyrir hver 100 kg:  
Vefnaðarvörur og fatnaður úr hvers konar efni, efni til fatnaðar, skótau, gosdrykkir, matvörur í smærri umbúðum, efnavörur til iðnaðar. Vörur ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir þyngd.
  5. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir 0.1 teningsmeter:  
Trjáviður, húsgögn, hljóðfæri og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúm-máli.  
Brottluttar sjávarútvegs- og landbúnaðarafurðir.
  6. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:  
Hraðfrystur fiskur og ísaður, saltfiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, lýsi.
  7. flokkur: Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:  
Síld og hrogn í tunnum.
  8. flokkur. Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:  
Skreið, niðursuðuvörur.
  9. flokkur. Gjald fyrir hvert stykki:  
Stórgripir kr. 30.00, sauðfé, loðdýr kr. 10.00, tómar tunnur og kassar og þess háttar kr. 4.00.
  10. flokkur. Gjald 0.75% af verðmæti afla (aflagjald), lögðum á land á hafnar-svæðinu til vinnslu, verkunar eða brottflutnings.

Fiskkaupanda ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega. Aflamagnið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Fiskkaupanda ber að standa skil á greiðslu aflagjalds mánaðarlega.

### 36. gr.

#### Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

### 37. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem eru leigð einstöku mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

Ársleiga fyrir benzintanka, oliutanka og dælur á hafnar-svæðinu, skal vera kr. 2500.00 fyrir hvern. Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.

### 38. gr.

Fyrir að leggja skip eða bát í fjörur hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 0.50 af hverri brúttó rúmllest skipsins eða bátsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 50.00.

**49. gr.**

Fyrir vatn afhent við bryggju skal greiða:

- a. Heimabátar og skip undir 12 lestum brúttó kr. 500.00 á ári. 12—50 lestir brúttó kr. 1500.00 á ári. 50 lestir brúttó og yfir kr. 3000.00. Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.
- b. Öll önnur skip og bátar skulu greiða fyrir vatn kr. 20.00 pr. tonn.

**40. gr.**

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki eru talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

**UM INNHEIMTU OG GREIÐSLU GJALDA****41. gr.**

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin þar.

**42. gr.**

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

**43. gr.**

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkvæmt 12. og 13. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, unz gjaldið er greitt.

**44. gr.**

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir sammingsaðili.

**45. gr.**

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

**46. gr.**

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestargjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipunum er látin í té af hafnarinnar hálfu.

## 47. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

## 48. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

## 49. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans, skv. 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 50. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 51. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Blönduós, nr. 150 31. júlí 1951, með áorðnum breytingum.

*Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1970.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963,  
um tekjuskatt og eignarskatt.**

## 1. gr.

Á eftir fjórða tölulið B-liðs í 34. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður svo hljóðandi:

Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en þeirra, sem áður er getið. Enn fremur í hlutabréfum, en þó má aldrei verja meiru en 10% af árlegu ráðstöfundarfé lífeyrissjóða til hlutabréfakaupa.